

Íslensk málhljóð

- **ATH. Þetta eru hljóð, ekki bókstafir**
- Sérhljóð
 - 8 einhljóð: í, i, e, a, u, ö, ú, o
 - 5 tvíhljóð: ei, æ, au, ó, á
 - Öll sérhljóð eru rödduð

Íslensk sérhljóð

- Einhljóð

/í/ = [i]

/i/ = [ɪ]

/e/ = [ɛ]

/a/ = [a]

/o/ = [ɔ]

/ö/ = [œ]

/u/ = [ʊ]

/ú/ = [u]

- Tvíhljóð

/ei/ = [ei]

/æ/ = [aɪ]

/ó/ = [ou]

/á/ = [au]

/au/ = [œi]

Íslensk málhljóð

- Samhljóð
 - Flokkast sem lokhljóð, önghljóð, nefhljóð, hliðarhljóð og sveifluhljóð
 - Geta verið bæði rödduð og órödduð
 - Öll lokhljóð eru þó órödduð í íslensku
 - Lokhljóð eru fráblásin eða ófráblásin
 - Fráblásin í framstöðu (á undan sérhljóði) hjá öllum landsmönnum.
 - Fráblásin á eftir löngu sérhljóði norðan- og norðaustanlands – mállýskubundið framburðareinkenni

Samhljóð

- Lokhljóð – lokað fyrir loftstraum einhver staðar í munnholi: p, b, t, d, k, g
 - Fráblásin (p, t, k) og ófráblásin (b, d, g)
- Önghljóð – þrengt að loftstraumi í munnholi (mynduð öng): f/v, þ/ð, s, hj/j, h, g (fer eftir umhverfi)
- Nefhljóð – loftstraumur fer út um nef: m, n
- Hliðarhljóð – loftstraumi hleypt út til hliðanna úr munnholi: l
- Sveifluhljóð: loftið „dansar“ á tungunni: r

Rödduð og órödduð hljóð

- Hljóð geta verið rödduð eða órödduð
 - Sum eru alltaf rödduð eða órödduð
 - Sérhljóð eru alltaf rödduð
 - Lokhljóð og s alltaf órödduð í íslensku
 - Önnur stjórna af umhverfi
 - Önghljóð: sa**g**a – sa**g**t
 - Nefhljóð: **n**ettur – h**n**eta, he**n**da – he**n**ti
 - Hliðarhljóð: ha**l**da – hé**l**t
 - Sveifluhljóð: ha**r**ður - ha**r**pa

IPA (International phonetic alphabet)

	Varamælt	Tann(bergs)-mælt	framgómmælt	uppgómmælt	raddbandamælt
Lokhljóð					
fráblásin	p ^h (par)	t ^h (tal)	c ^h (ker)	k ^h (kar)	
ófráblásin	p (bar)	t (dal)	c (ger)	k (gor)	
Önghljóð					
órödduð	f (far)	þ (þar) / s (sár)	ç (hjá)	x (rakt/sagt)	h (hár)
rödduð	v (var)	ð (bað)	j (já)	y (saga)	
Nefhljóð					
órödduð	m̥ (aumt)	n̥ (fint) ^o	ɲ̥ (banki)	ŋ̥ (banka)	
rödduð	m (aumi)	n (fini)	ɲ (lengi)	ŋ (langa)	
Hliðarhljóð					
órödduð		ɭ̥ (velta)			
rödduð		ɭ (velja)			
Sveifluhljóð					
órödduð		ɾ̥ (vertu)			
rödduð		ɾ (vera)			

Lengd hljóða

- Lengd er táknuð með tvípunkti :
- Þumalputtaregla:

Sérhljóð eru löng í áhersluatkvæði ef eitt eða ekkert samhljóð fer á eftir, annars stutt.

Löng sérhljóð, stutt samhljóð:

- [a:na], [k^hɔ:ma], [lɔ:ka], [hau:]

Stutt sérhljóð, löng samhljóð/tvö samhljóð:

- [an:a], [k^hɔm:a], [lɔhka]

Framburður

- Framburður ræðst að einhverju leyti af aðstæðum:
 - Vöndum okkur á opinberum vettvangi og við aðrar formlegar aðstæður
 - Vöndum okkur síður þegar við tölum við ættingja eða vini
 - Þegar fólk talar óskýrt veiklast hljóð og/eða hverfa burt
 - [luðrasveitaraivink]
 - [lustrain]

Framburður

- Samhengi hljóða (orð/setningar) hefur áhrif á framburð
 - langur [laun̥kʏr̥], lengi [leɪ̯ncɪ], kembdi [cʰɛmtɪ]
- Áherslulaus staða í orði/setningu
 - Hljóð veiklast eða falla brott
 - fara í bío [fa:ripi:ou]
 - sá hann [sau:an]
 - sá þá [sau:ðau]

Framburður

- Landfræðilegur => mállýskur
- Félagslegur => mállýskur

